

Háskólinn á Akureyri Ársfundur 2006

Ársfundur Háskólans á Akureyri var haldinn í stofu L101 á Sólborg föstudaginn 15. desember 2006 og hófst kl. 12:00. Elín Díanna Gunnarsdóttir, fundarstjóri setti fundinn, kynnti dagskrá hans og bar fundinum kveðju utanríkisráðherra.

1. Ársreikningur 2005

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri HA fjallaði um Ársreikning 2005. Hóf hann mál sitt á því að fara yfir rekstrarreikning HA fyrir árið 2005. Þar kom fram að tekjur HA jukust úr 231,6 milljónum árið 2004 í 287,5 milljónir árið 2005. Á sama tíma fóru rekstrargjöld úr liðlega 1 milljarði í 1,3 milljarða. Sagði Ólafur í raun litla breytingu hafa átt sér stað á milli ára hvað gjaldaliði varðaði og hækkunina mætti einkum rekja til aukins húsnæðiskostnaðar vegna Borga og aukins launakostnaðar. Tilgreindi hann svo að tekjuhalli var 107,7 milljónir árið 2004 en 86,6 milljónir árið 2005.

Í efnahagsreikningi fyrir árið 2005 kom fram að eigið fé skólans var neikvætt um liðlega 321 milljón og að skuld skólans við ríkissjóð var liðlega 507 milljónir. Eigið fé og skuldir skólans voru tæpar 199 milljónir. Helstu rekstrareiningar árið 2005 voru kennsludeildir og stoðþjónusta.

Ólafur gerði einnig lauslega grein fyrir þróun fjárlaga árin 2004-2007 og þar kom fram að nemendaframlag var 568 milljónir árið 2004 en verður 810 milljónir árið 2007. Greiðslur úr ríkissjóði munu fara úr 712,4 milljónum árið 2004 í tæplega 1,1 milljarð árið 2007. Með þessu fer framlag á hvern nemanda við HA hækkandi og nær nú svipaðri tölu og á árunum 1996 til 2000, eftir að hafa verið nokkru lægri síðustu ár.

2. Ræða rektors

Þorsteinn Gunnarsson rektor hóf mál sitt á því að segjast ekki myndu flytja hefðbundna árfundarræðu enda hefði ársskýrsla fyrir árið 2005 þegar verið gefin út og í henni kæmu fram allar helstu upplýsingar varðandi starfsemina á því ári. Kvaðst rektor frekar ætla að staldra við framtíðaruppbyggingu HA. Nefndi hann eftir sem áður að yfirstandandi ár hefði verið ár mikilla breytinga sem helst fólust í sameiningu deilda, þar sem hin nýja viðskipta- og raunvísindadeild varð til við sameiningu þriggja deilda, og aðgerðum til að einfalda stjórnýslu og stoðþjónustu og gera þessar einingar skilvirkari. Sagði rektor þessar breytingar hafa haft margvísleg áhrif á hagi margra starfsmanna, en taldi um leið að samstarf við starfsfólk um þessar breytingar hefði verið mjög gott og að almennur skilningur hefði ríkt um nauðsyn þeirra. Sagði hann það sýna mikinn styrk hjá starfsfólki að breytingarnar hefðu gengið eftir án teljandi árekstra og taldi HA nú vera faglega, skipulagslega og fjárhagslega traustari stofnun en áður.

Rektor vék þessu næst að stefnumótun fyrir árin 2007-2011. Sagði hann stýrihóp hafa verið skipaðan til vinnu við þá stefnumótun og þar væri lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og þátttöku hagsmunaaðila. Þetta fæli m.a. í sér reglulega fundi með háskólaráði og störf rýnihópa sem alls væru í meira en 100 manns. Þá hefðu drög að stefnunni í tvígang verið send til umsagnar til deilda og sviða og yrðu send til einnar slíkrar yfirferðar til viðbótar áður en stefnan verður endanlega samþykkt, en stefnt er að

Því að sú samþykkt liggja fyrir í febrúar 2007. Er stefnunni ætlað að endurspegla vilja háskólasamfélagsins til að ná enn frekari árangri.

Í ljósi þessarar stefnumótunar vakti rektor athygli á því að á árunum 1997-2005 fjölgaði nemendum við HA úr rúmlega 400 í tæplega 1500 og að á sama tíma jók skólinn hlutdeild sína í heildarfjölda háskólanema á Íslandi úr 5% í rúm 9%. Þá fjölgaði brautskráðum nemum úr tæplega 70 á ári í nær 300 á fyrrnefndu tímabili, sem jafnframt einkenndist af farsælu samstarfi við fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Auk þessa þyrfti svo að hafa í huga núverandi umhverfi HA. Sagði rektor nú vera vaxandi spurn eftir fjarnámi, framhaldsnámi og símenntun og að nemendur gerðu sífellt auknar kröfur um fjölbreytta kennsluhætti og góða vinnuástöðu. Þá væri aukin krafa um gæði í starfsemi skólans og tengsl við atvinnulífið. Um leið ríkti greinilegur vilji til að byggja upp háskólasvæðið til langs tíma og þróa starfsemi skólans í samræmi við það best gerist í alþjóðlegu háskólaumhverfi. Rektor sagði ljóst að innan þessa ramma hefði HA hlutverki að gegna gagnvart nemendum sínum og fræðimönnum sem og gagnvart atvinnulífinu og samfélaginu í heild. Þetta hlutverk felst einkum í því að nemendur fái tækifæri til menntunar í metnaðarfullu og alþjóðlegu náms- og rannsóknáumhverfi, að fræðimenn skólans fái umhverfi og aðstöðu til rannsókna og nýsköpunar og að gagnvirk tengsl séu við atvinnulífið. Á sama tíma þarf að mati rektors að hlúa að ákveðnum grunnildum sem skólinn þarf ætíð að hafa í heiðri. Þessi gildi eru frelsi, traust, framsækni og jafnrétti.

Rektor kom nú að umfjöllun um framtíðarsýn HA. Í henni felst m.a. að skólinn verði alþjóðlega viðurkennd mennta- og vísindastofnun sem skari fram úr á völdum fræðasviðum. Þar verði jafnframt eftirsóknarvert þekkingarsamfélag sem leggi áherslu á krefjandi námsumhverfi og öflugar rannsóknir. Til að þessi sýn megi verða að veruleika hafa verið skilgreind nokkur stefnumarkmið. Fyrsta markmiðið er að HA bjóði upp á krefjandi og persónulegt námsumhverfi, annað að við HA fari fram öflugt rannsóknastarf, þriðja að tengsl HA við samfélagið verði virk, fjórða að HA verði virkur í alþjóðlegu samstarfi og fimmta að HA verði skilvirk skipulagsheild. Rektor greindi svo frá næstu skrefum í átt að þessari sýn, en þau eru sem hér segir:

- Kostnaðargreina og forgangsraða aðgerðum sem skilgreindar hafa verið.
- Mynda samfellda heild úr stefnu, gæðakerfi og rekstraráætlun.
- Sækja um viðurkenningu á þremur fræðasviðum: Auðlindavísindum, félagsvísindum og heilbrigðisvísindum.
- Gera samning við menntamálaráðuneyti til 3-5 ára um kennslu og rannsóknir.

Markmiðið með þessum aðgerðum er að þjóna kjarnastarfsemi háskólans, þ.e. að efla kennslu, nám, rannsóknir og þjónustu við samfélagið. Að sögn rektors má gera ráð fyrir því að framkvæmd stefnunnar kosti um 2 milljarða. Hann gat þess þó jafnframt að stefnumótun og áætlanagerð mættu ekki vera markmið í sjálfu sér heldur aðeins liður í því að styrkja háskólasamfélagið í heild og þá einstaklinga sem þar starfa og læra.

3. Umræður, fyrirspurnir og önnur mál

Þórir Sigurðsson bar fram spurningu í tveimur liðum. Í fyrsta lagi spurði hann hvort þeim markmiðum sem sett hefðu verið fyrir HA árin 2001-2003 hefði verið náð og hvað hefði verið gert síðan. Í öðru lagi spurði hann hvort til væri einhver starfsmannastefna fyrir HA.

Taldi hann samskipti starfsmanna skólans við yfirstjórn hans í óviðunandi farvegi og vildi meina að starfsmenn hefðu fært nokkrar persónulegar og fjárhagslegar fórnir hin síðustu misseri. Í ljósi þessa vildi hann fá að vita hvaða verklags- og siðareglur væri stuðst við í sambandi við ráðningar og uppsagnir.

Hvað fyrri spurningu Þóris varðar svaraði rektor því til að stefnan fyrir árin 2001-2003 hefði ekki verið gerð upp, en þó lægi fyrir að ýmislegt í henni hefði gengið eftir en annað ekki. Sagði rektor skorta á eftirfylgni í stefnunni en gat þess jafnframt að þeim þætti yrði sérstaklega sinnt í yfirstandandi stefnumótun.

Seinni spurningu Þóris svaraði rektor á þann veg að ekki væri til nein formleg starfsmannastefna fyrir HA en að það yrði eitt af fyrstu verkefnum næsta árs (2007) að móta slíka stefnu í samráði við starfsmannafélög. Rektor var ósammála Þóri hvað varðar samskipti starfsmanna við yfirstjórn skólans og taldi þau einkennast af velvild og tillitssemi. Benti hann sérstaklega á að nú lægi fyrir nýr kjarasamningur sem væri sambærilegur þeim samningi sem í gildi er við Háskóla Íslands. Jafnframt sagði rektor að til væru skýrar og skjalfestar verklagsreglur varðandi ráðningar kennara en hvað nýlegum uppsögnum viðkæmi hefðu þrjú megin sjónarmið ráðið mestu; fjárhagssjónarmið, breytingar á skipulagi deilda og starfsaldur. Hins vegar væru ekki til neinar opinberar siðareglur, en þær yrðu útbúnar bráðlega.

Þórir gerði athugasemd við svör rektors. Taldi hann rektor ekki hafa gert grein fyrir stefnunni frá 2003 og benti á að rektor hefði viðurkennt að ekki væru til starfsmannastefna eða siðareglur. Einnig nefndi hann að hinn nýi kjarasamningur starfsmanna HA yrði í raun ekki sambærilegur HÍ-samningnum fyrr en 1. maí 2007. Að lokum sagði Þórir ósátt ríkja um starfsmannamál og taldi að ekki hefði verið stuðst við þau sjónarmið sem rektor nefndi varðandi uppsagnir starfsmanna.

Rektor kaus að svara ekki frekar athugasemdum Þóris.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundarstjóri sleit fundi kl. 13:05.

Elín Díanna Gunnarsdóttir
fundarstjóri

Finnur Friðriksson
fundarritari